

LÖG

um breytingu á lögum á sviði íþróttá- og æskulýðsstarfs
(hlutverk samskiptaráðgjafa, öflun upplýsinga o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um samskiptaráðgjafa
íþróttá- og æskulýðsstarfs, nr. 45/2019.

1. gr.

Á eftir 2. tölul. 2. mgr. 5. gr. laganna kemur nýr töluliður, svohljóðandi, og breytist röð annarra töluliða samkvæmt því: Afla upplýsinga vegna mála einstaklinga sem til hans leita þar sem greint er frá að viðkomandi hafi orðið fyrir atvikum eða misgerðum í tengslum við starfsemi sem fellur undir gildissvið laga þessara og að greiða leið slíkra mála, svo sem með útgáfu ráðgefandi álita til viðeigandi aðila.

2. gr.

Við 6. gr. laganna bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs er heimil vinnsla persónuupplýsinga sem nauðsynleg er til að hann geti sinnt hlutverki sínu á grundvelli laga þessara. Heimild þessi tekur til vinnslu viðkvæmra persónuupplýsinga og annarra upplýsinga viðkvæms eðlis, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga og upplýsinga um félagslegar aðstæður einstaklinga, svo og upplýsinga um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi.

Að því marki sem nauðsynlegt er fyrir framkvæmd laga þessara er samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs heimilt að miðla upplýsingum til þeirra aðila sem falla undir gildissvið laganna. Heimild þessi tekur til miðlunar viðkvæmra persónuupplýsinga og annarra upplýsinga viðkvæms eðlis, þ.m.t. heilsufarsupplýsinga og upplýsinga um félagslegar aðstæður einstaklinga, svo og upplýsinga um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi.

3. gr.

Við 1. mgr. 7. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Samskiptaráðgjafi íþróttá- og æskulýðsstarfs er bundinn þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnáslulaga.

4. gr.

Við 1. mgr. 8. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Í reglugerðinni skal jafnframt fjallað um fræðslu um vinnslu og miðlun persónuupplýsinga.

II. KAFLI

Breyting á íþróttalögum, nr. 64/1998.

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr. laganna:

- a. Á eftir orðunum „XXII. kafla“ í 1. málsli. 1. mgr. kemur: 211. eða 218. gr.
- b. 2. mgr. orðast svo:

Stjórnendur þeirra aðila sem falla undir lög þessi og sinna íþróttastarfi barna og ungmenna undir 18 ára aldri eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um það hvort tiltekinn umsækjandi um starf á þeirra vegum hefur hlotið dóm vegna brota sem 1. mgr. tekur til, að fengnu samþykki hans. Á þetta einnig við um upplýsingar um þá sem falin er umsjón með börnum og ungmönnum undir 18 ára aldri á grundvelli sjálfboðaliðastarfs.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 21. júní 2023.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Ásmundur Daðason.

A-deild – Útgáfudagur: 6. júlí 2023